



Minnisblað

Varðandi: Garðasel - útibú
Málsnr. 2206029
Dags.: 16. ágúst 2022

Efni: Nýr leikskóli að Asparskógum – Stækkun Garðasels – fjölgun barna

Á fundi sínum þann 22.3.2022 samþykkti skóla- og frístundaráð að innrita börn fædd til og með júlí 2021 í leikskólana á Akranesi. Ákvörðun um fjölgunina byggði á þeim upplýsingum að tvær deildar nýja húsnæðisins leikskólans Garðasels yrði tilbúin í ágúst 2022.

Úthlutun til leikskólanna byggir á samhæfðu reiknilíkani sem byggir á „barngildum“.

Úhlotun fyrir starfsemi Garðasels fyrir liðið starfsár gerði ráð fyrir 24.91 stöðugildum.

Barngildi komandi starfsárs fyrir Garðasel gera ráð fyrir 32.71 stöðugildum vegna fjölgunar barna á leikskólanum og að mun yngri börn eru nú á leikskólanum en áður. Samtals verða nú 96 börn í ágúst en gert er ráð fyrir að fjölgunin geti orðið allt að 101 barn á starfsárinu en áður hafa verið um 75 börn.

Vegna fjölgunarinnar er gert ráð fyrir hækkun á launagjalda ársgrundvelli sem nemur 62 millj. kr.

Gera þarf ráð fyrir auknum stöðugildum frá 1. ágúst til 31. desember 2022 sem nemur 26. millj. kr. auk þess er gert ráð fyrir einu stöðugildi til viðbótar fram að áramótum til þess að tryggja öryggi barna á þekjunni, kostnaður vegna þess í 5 mánuði er kr. 3.340.810.

Samtals er því óskað eftir viðauka kr. 29.340.810 inn í fjárhagsáætlun þessa árs fyrir leikskólann Garðasel.

Virðingarfyllst,

Valgerður Janusdóttir

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs